

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands á upplýsingafundi Almannavarna, 30. apríl 2020

Háskóli Íslands fagnar þeim áfanga í baráttunni við COVID-19-faraldurinn sem felst í tilslökun á samkomubanni sem verið hefur í gildi síðustu vikur. Þetta er stór áfangi í átt að því að færa daglegt líf smám saman aftur í eðlilegt horf innan samfélagsins. Neyðarstjórn Háskóla Íslands, sem ég stýri, hefur fundað reglulega allan þann tíma sem faraldurinn hefur staðið yfir og skipulagt aðgerðir innan Háskóla Íslands (einnig í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra og aðra skóla í landinu). Neyðarstjórn hefur haldið úti upplýsingagjöf til nemenda og starfsfólks og sett upp sérstaka vefsíðu með öllum helstu upplýsingum sem er uppfærð reglulega á íslensku og ensku.

Við munum tilkynna nemendum og starfsfólki í dag hvernig staðið verður að opnun bygginga Háskólans frá og með næsta mánudegi:

- Byggingar Háskólans, sem eru um 30 talsins, verða á mánudag opnaðar fyrir nemendum í fyrsta sinn síðan 16. mars og rými í byggingum skilgreind. Hámarksfjöldi í einstökum rýmum verður takmarkaður við 50 manns. Próftímabil stendur yfir og eru flestir nemendur að lesa undir próf. Því verða sérstök lesrými og tölvuver opin. Fjöldi sæta við borð verður takmarkaður samkvæmt 2 metra reglunni. Ef eftirspurn nemenda er mikil og skilgreind lesrými nægja ekki verður lesrýmum fjölgað með því bæta við kennslustofum sem ekki eru í notkun.
- Matsala og Bóksala stúdenta opnar í fyrsta sinn síðan 16. mars.
- Starfsfólki með undirliggjandi sjúkdóma verður bent áfram að vinna heima.
- Í opnum rýmum verður gætt að því að hafa a.m.k. 2 metra á milli starfsfólks
- Að öðru leyti verður vinnutilhögun starfsfólks sem deilir vinnurými með þeim hætti að hverri starfseiningu er skipt upp í tvo hópa. Einungis helmingur þess starfsfólks verður á vinnustaðnum á hverjum tíma en hinn helmingurinn vinnur heima.

En hver er lærdómurinn og liggja tækifæri í þessum aðstæðum?

- Háskóli Íslands hefur, eins og allar kennslustofnanir landsins, þurft að bregðast mjög hratt við og í raun þurft að endurskipuleggja allt skólastarfið nánast yfir nóttu. Þetta hefur verið stórkostlegt átak af hálfu nemenda og starfsfólks.
- Öll kennsla er rafræn, öll próf, sem nú standa yfir, eru rafræn og allir fundir hafa verið í gegnum fjarfundarbúnað. Brautskráning skólans verður með breyttu sniði. Við munum svo sannarlega læra af þessu og nýta okkur að hluta inn í framtíðina. Hins vegar má ekki gleyma að háskólar eru samfélög og því er nauðsynlegt að þunginn í námi og starfi á mannlegum samskiptum, rökræðum og gagnkvæmri virðingu innan bygginga Háskóla Íslands.

- Þessar aðstæður hafa verið erfiðar fyrir nemendur og starfsfólk. Við höfum fjölgað úrræðum náms- og starfsráðgjafar fyrir nemendur, eflt sálfræðiráðgjöf, geðfræðslu og svarað spurningum nemenda til að koma til móts við þá. Við höfum einnig boðið starfsfólki margvíslegan stuðning, s.s. fræðslu, leikfimi o.fl.
- Við vinnum nú að þróun sérstaks sumarnáms vegna ástandsins til að gefa nemendum og almenningi námstækifæri á sumri. Einnig mun skólinn standa fyrir viðbótar sumarstörfum.

Mikilvægi vísindanna er mikið í þessu sameiginlega verkefni heimsbyggðarinnar. Háskóli Íslands hefur komið að COVID-tengdum aðgerðum með ýmsum hætti m.a. í samstarfi við Landlækni, Sóttvarnarlækni, Landspítalann og Íslenska erfðagreiningu. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þessum mikilvægu samstarfsaðilum fyrir samvinnuna.

- Nefna má í því sambandi þróun spálíkans Háskóla Íslands undir stjórn Thors Aspelund, prófessors o.fl. sem komið hefur afar vel út og nýja rannsókn undir stjórn Unnar Valdimarsdóttur, prófessors, á líðan þjóðar á tímum COVID-19 sem er hluti af alþjóðlegu rannsóknaverkefni – auk rannsókna og stuðnings fjölda annarra vísindamanna og nemenda sem með einum eða öðrum hætti hafa tekið þátt í baráttunni. Auk þessara dæma er mikill fjöldi rannsókna á ólíkum hliðum þessa faraldurs í undirbúningi og er þess að vænta að á næstu misserum munum við fá gríðarlega aukna vitneskju sem mun gagnast til að meta betur hvernig til tókst og hvernig bregðast megi við farsóttum framtíðar. Gildi vísinda og bólusetninga er ótvírætt.

Að lokum vil þakka nemendum og starfsfólki aftur fyrir ótrúlega samstöðu, þrautseigju og eindreginn vilja til að leysa mál.

- Afar mikilvægt að hlíta í einu og öllu fyrirmælum stjórnvalda svo við teflum ekki í tvísýnu þeim árangri sem náðst hefur.
- Við erum öll Almannaþing og við verðum það áfram uns yfir lýkur.